

ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

Material Safety Data Sheet (MSDS)

**SensorSafe Blue RTV Silicone
80022**



1. Söluheiti efnis. Nafn, heimilisfang og sími innflytjanda og/seljanda.

Söluheiti: **Sensor Safe Blue RTV Silicone**

Vörunúmer: **80022**

Notkun: **Sílikon-pakkn.efni óskaðlegt súrefnisnemum**

Dreifing: **Bilanaust hf. Reykjavík**

Framleiðandi: Permatex Inc. Hartford, CT 06106 USA

Neyðarsími framleiðanda: 0 800 255 3924 (USA)

Alþjóðl. neyðarsími: 0 813 348 0585

Sími Neyðarlínu, Lögreglu, Sjúkraliðs, Slökkviliðs: 112

Eitrunarmiðstöð Landsspítala í Fossvogi, Rvk.

Sími 543 2222

Innihald:

1. Söluheiti
2. Samsetning
3. Aðvörðun
4. Skyndihjálp
5. Eldsvoði
6. Efnaleki
7. Meðhöndlun
8. Hlífðarbúnaður
9. Efnaeiginleikar
10. Áhrifavaldar
11. Eiturfræði
12. Umhverfismál
13. Förgun
16. Hættulýsing

2. Samsetning efnis - upplýsingar um innihald.

CAS-nr.	EB-nr.	Efnaheiti.	Styrkur %	Hættufl.	Hættusetningar
70131-67-8		Pólydímetýlsíloxan (vetnismeðhöndlað)	65-75		
68583-49-3		Síloxan meðh. sýrubrennt kísl	5-25		
63148-62-9		Þeytt sílikonólía	5-25		
7631-86-9		Kísl, formlaust	5-25		
17689-77-9		Etýl-trí-asetoxýsílán	1-10		
4253-34-3		Metýl-tri-asetoxýsílán	1-10		
664-19-7		Ediksýra	****	C	35

3. Varúðarupplýsingar.

Eitrunarhætta: Getur ert augu og húð.

**** Ná þetta efni saman við raka getur myndast allt að 1-3% ediksýra. Getur valdið ertingu í augum og húð. Getur ert varir, góma, tungu, munnhol, nefgöng og háls. Getur verið hættulegt ef gleypst. Sé þetta efni hitað umfram 149 °C í lofti geta myndast formaldehýð-gufur. Formaldehýð er krabbameinsvaldandi efni og veldur óþægindum í snertingu við húð og í öndunarfærum. Öryggi við meðferð má tryggja með því að varna því að gufur geti myndast af styrkleika umfram uppgefin mengunarmörk mengunarmörk sem eru fyrir formaldehýð, við inntöku (LD50) 2060 mg/kg.

Vetnismeðhöndlað sílikon: Inntaka LD50 meiri en 40.000 mg/kg (rottur);

Metýl-tri-asetoxýsílán: Inntaka LD50 = 2.060 mg/kg; Síloxan meðhöndlað sýrubrennt kísl:

Inntaka LD50 meiri en 40.000 mg/kg (rottur). Innöndun LC50 meiri en 535 mg/l (rotta).

Eitrunarleiðir: Snerting við augu og húð, inntaka, innöndun.

Merki og einkenni snertingar: Ediksýra sem myndast í storknunarferlinu ertir augu, nefgöng og háls. Ítrekuð snerting getur valdið ofnæmisáhrifum á húð.

Sjúkdómseinkenni sem geta skerpst við snertingu:

Metýl-tri-asetoxýsílán: augn-, húð- og lugnasjúkdómar.

4. Skyndihjálp:

- Inntaka:** Hreinsið munnhol hafi efnið verið gleypt og leitið lækni tafarlaust og sýnið umbúð vörunnar eða þetta skjal.
- Innöndun:** Flytjið viðkomandi þangað sem er ferskt loft, hafi hann andað að sér gufu af efninu. Beitið súrefnisgjöf eða öndunaraðstoð ef þurfa þykir. Leitið lækniáðstoðar.
- Snerting við húð:** Fjarlægjið efnið af húð með pappírspurrku eða klút. Þvoið svæðið með vatni og sápu, leitið lækni hverfi óþægindi ekki.
- Snerting við augu:** Komist efnið í augu skal hreinsa tafarlaust með miklu vatni og hafa samband við lækni.

5. Eldsvoði: Slökkvun.

- Blossamörk:** < 93 °C
- Slökkviefni:** Kolsýra, þurrduft, froða
- Slökkviaðferð:** Vatnsúði kann að vera ónógur á eldsloga en ætti að nota til að kæla aðliggjandi vörur.
- Hættuleg niðurbrotsefni:** Ediksýra, formaldehýð, kísilreykur, koloxíð, nituroxíð, málmoxíð-reykur. Vegna ófullkomins bruna geta myndast kolvetni og kolmónoxíð.
- Óvenjuleg sprengihætta:** Engin
- Sprengimörk, lægri:** Ediksýra 4%
- Sprengimörk, hærri:** Ediksýra 19,9 % við 94 °C

6. Efnaleki.

- Hreinsun:** Skafið efnið upp. Tryggið næga loftræstingu. Látið efnið storkna á vel loftræstum stað. Þrifið rækilega upp af gólfi vegna hálkühættu.

7. Meðhöndlun og geymsla.

- Geymsla:** Geymið á vel loftræstum stað og við hitatsig undir 32 °C. Lokið umbúðum að notkun lokinni.
- Meðhöndlun:** Forðist að efnið snerti augu eða húð. Andið ekki gufu af efninu.

8. Persónuhlífar - forvarnir.

- Augu:** Hlífðargleraugu
- Húð:** Hlífðarhanskar, gúmmí eða plast
- Loftræsting:** Tryggið næga loftræstingu.
- Öndunarbúnaður:** Óþarfur við venjulega notkun/aðstæður. Sé loftræstingu áfátt skal nota viðeigandi öndunarbúnað.
- | Mengunarmörk: | ACGIH-mörk | | OSHA-mörk |
|--------------------------|------------|------------------------------|-----------------------------|
| | Styrkur % | 8. klst. meðaltími | 8. klst. meðaltími |
| 7631-86-9 Kísil, óformað | 5-25 | 10 mg/m ³ | 6 mg/m ³ (loft) |
| 64-19-7 Ediksýra | **** | 10 ppm; 25 mg/m ³ | 10ppm; 25 mg/m ³ |
- Flokkun v/krabbameinshættu:**
 Varan inniheldur efni sem samkvæmt „California Prop 65“ telst valda krabbameini, fósturskaða og draga úr frjósemi.

9. Eðlis- og efnaeiginleikar.

Form:	Blátt mauk
Lykt:	Ediksýra
Suðumark:	Á ekki við - fjölliðað efni.
Sýrustig (pH):	Á ekki við
Leysanleiki í vatni:	Fjölliðast
Rúmpýngd:	1,04 við 20 °C
Rokefnainnihald (VOC):	4,6% af þýngd; 47,8 g/l.
Gufuþýstingur:	> 5 mm Hg við 26,67 °C
Gufuþýngd (Loft = 1):	Ekki mæld
Rokhraði:	Ekki mældur

10. Áhrifavaldar (stöðugleiki).

Stöðugleiki:	Stöðugt við eðlilegar aðstæður.
Hættuleg fjölliðun:	Mun ekki eiga sér stað.
Efni sem valda virkni:	Fjölliðast með tilstilli raka og myndar ediksýru.
Aðstæður sem ber að forðast:	Að loftraki geti leikið um efnið.
Hættuleg niðurbrotsefni við eld eða hita:	Ediksýra, formaldehýð, kísilreykur, koloxíð, nituroxíð, málmoxíð-reykur. Við ófullkominn bruna geta myndast kolvetni og kolmónoxíð.

11. Eiturfræðileg atriði. (sjá kafla 3)

12. Skaðsemi gagnvart umhverfi. Engar upplýsingar um skaðsemi.

13. Förgun. Ekki flokkað sem hættulegt úrgangs- eða spilliefni.
Efninu skal farga hjá spilliefnamóttöku og í samræmi við gildandi lög og reglugerðir um meðferð spilliefna í viðkomandi sveitarfélags.
Umbúðum skal farga samkvæmt gildandi lögum og reglum um förgun iðnaðarúrgangs.

14. Flutningur: DOT: (49CFR 172)

Landflutningur:

Heiti flutningsflokks (DOT):	Frjáls
Hættuflokkur:	Enginn
UN/ID Nr.	Ekkert
Spilliefni í sjó:	Ekki

Lofflutningur:

Rétt heiti flutningsflokks:	EKKi flokkað
Flokkur eða deild:	Ekki skilgreint
UN/NA Nr.	Ekkert

IMDG: Rétt heiti flutningsflokks:	EKKi flokkað
Hættuflokkur:	Enginn
UN Nr.	Ekkert

15. Lög og reglugerðir sem varða viðkomandi efni.

Varnaðarmerkingar skv. Reglugerð 236/1990 með síðari breytingum og tilsk. ESB.

Varnaðarmerking: Engri sérstakri hættu stafar af efninu við eðlilegar aðstæður.

Inniheldur: Varan inniheldur efni sem samkvæmt „California Prop 65“ telst valda krabbameini, fósturskaða og draga úr frjósemi.

Hættusetningar: **H21** Hættulegt í snertingu við húð.

H36 Ertir augu.

H40 Getur hugsanlega valdið krabbameini

H41 Hætta á alvarlegum augnskaða.

H43 Getur valdið ofnæmi í snertingu við húð.

Varnaðarsetningar: **V23** Varist innöndun gufu og reyks.

V26 Berist efnið í augu skal skola vandlega með miklu vatni og leita læknis.

Ath. Upplýsingar sem gefnar eru í þessum öryggisleiðbeiningum eiga einungis við efnið Permatex 80022 Sens.Safe Blue RTV Silic. innan þessa forms.

Athygli notanda er vakin á því að til kunni að vera meiri upplýsingar

sem eiga við efnið. Taka skal tillit til allra viðeigandi alþjóðlegra og innlendra reglna annarra sem kunna að eiga við þar sem efnið er notað.

Íslensk sérlög og/eða reglur sem gilda um meðferð kemískra efna:

Reglur um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum nr. 602/1999

Reglur nr. 765/2001 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efnafræðilegra skaðvalda á vinnustöðum.

16. Aðrar upplýsingar:

Efnið er flokkað á eftirfarandi hátt samkvæmt NFPA (USA):

Hætta gagnvart heilsu: Flokkur 2. Efni sem getur við mikla eða ítrekaða snertingu valdið tímabundnum veikindum eða meiðslum séu ráðstafanir ekki gerðar í tíma.

Eldhætta: Flokkur 1. Efni sem þarfnast forhitunar til að íkviknun geti átt sér stað.

Hætta á efnahvörfum: Flokkur 1. Efni sem er stöðugt við eðlilegar aðstæður og jafnvel í eldi og hverfist ekki með vatni.

Efnið er flokkað á eftirfarandi hátt samkvæmt HMIS (USA):

Eitrunarhætta: Flokkur 2. Lítilsháttar.

Eldhætta: Flokkur 1: Lítilsháttar.

Hætta á heilsutjóni: Flokkur 0: Engin eða mjög lítil.

Síðasta endurskoðun útgáfu: 30.1.2004. 3. endurskoðun.

Unnið af: Denise Boyd, Health and Safety Manager. Permatex Inc. CT. USA.

Sími: 0-877 376 2839 (1-87 Permatex).

Dagsetning þýðingar: 15.10.2004

Ofangreindar upplýsingar eru, samkvæmt bestu vitund, réttar en ber ekki að líta á sem tæmandi og skulu einungis hafðar til hliðsjónar. Permatex Inc. er ekki

ábyrgt að lögum fyrir nokkrum skaða sem kann að verða vegna meðferðar eða snertingar við það efni sem þessar öryggisleiðbeiningar taka til.

Bílanaustr hf. ábyrgist ekki þær upplýsingar sem fram koma í þessu skjali né ábyrgist notkun, meðferð eða aðra beitingu þess efnis, sem hér um ræðir. Áður en efnið er notað skal notandi kynna sér mögulega hættu, sem kann að stafa af rangri notkun þess, með því að lesa leiðbeiningar í þessu skjali og leiðbeiningar á umbúðum efnisins.

Frumheimild: Material Safety Data Sheet, Permatex Item 80022.

Þýtt og uppsett fyrir Bílanaustr hf. í október 2004:

Leó M. Jónsson iðnaðar- og vélataeknifræðingur, Reykjanesbæ.